

Helstefnan í heilbrigðiskerfinu

Flest okkar gera sér trúlega í hugarlund, að heilbrigðiskerfið hafi verið sett á laggirnar til að stuðla að heilbrigði – jafnvel hollustu og hamingju. Fólk hefur trúað eins og nýju neti, flestu, sem frá því kom. Ætli fólk sé jafn auðtrúa, eftir reynsluna af heilbrigðisyfirvöldum og heilbrigðisþjónustu í covid-19 fárinu?

Enn þá hvetja yfirvöld til bólusetningar, enda þótt hrannist upp óháð vísindagögn, sem fletta ofan af þekkingarleysi sömu yfirvalda eða illgirni, eftir atvikum.

Kanadíska læknirinn, Roger Hodkinson, er ómyrkur í máli. Segir covid-19 fárið fordæmalausa hryllingssviðsetningu í sögu lækninga. Veiran, sem búin var til, var þó ekki skaðvænlegri en flensa. PCR prófanir léku lykilhlutverk. Í 95% tilvika jákvæðra niðurstaðna var um heilbriggt fólk að ræða. Roger fullyrðir, að við höfum verið höfð að ginningarfíflum. Þaggað var niður í þeim, sem reyndu að vara við. Læknar, stjórnámálmenn og fjölmiðlar, bera þá ábyrgð. Grímur, lokanir og fjarlægðarreglur voru út í hött. Engin gögn sýndu gagnsemi þeirra. Bólusetningar lýstu ótrúlegu gerræði.

Kevin Brass, bandarískur læknanemi og vísindamaður, hefur bæst í sístækkandi hóp heilbrigðisstarfsmanna, sem sjá að sér: „Ég var einarður stuðningsmaður viðleitni lýðheilsuyfirvalda í sambandi við covid-19. Mér sýnist sem yfirvöld væru að bregðast við umfangsmestu lýðheilsukreppu á okkar tímum af hluttekningu, kostgæfni og vísindalegri þekkingu. Ég fylgdi þeim heils hugar, þegar blásið var til lokana, bólusetninga og örvunarbólusetninga. [En] ég hafði á röngu að standa. Og það kostaði mannlíf.“

Kanadíska læknirinn, Patrick Provost, prófessor í örveirufræði, smitsjúkdómum og ónæmisfræði, benti á vanskraningu meinviðbragða eða aukaverkana við covid-19 bóluefnunum. „Það er ekki einungis svo, að hætt sé við hjartabólgu (myocarditis - heart inflammation) og öðrum aukaverkunum, heldur hafa börn engan raunverulegan ávinning af bólusetningu, þar eð börn eru ekki viðkvæm fyrir fylgikvillum vegna covid-19 sýkingar. ...

„Virgni bóluefnanna hefur sýnt sig að vera neikvæð í Quebec, síðan í desember 2021 (yfirvöld fjarlægðu gögnin úr hlutaðeigandi skýrslum skömmu síðar ...). Þetta merkir, að hinum bólusettu er hættara við smiti.“

Það þarf varla að taka fram, að Patrick var rekinn fyrir þessar ábendingar, enda þótt þær kæmu fram í ritryndu tímariti.

Indversk-bandaríska örveiru- og ónæmisfræðingnum Poornima Wagh, var líka útskúfað fyrir svipaðar sakir. Hún sagði m.a.: Sjúkdómurinn „er tölvuundur. ... Það er ekki einvörðungu veiran, sem er fölsk. Sjúkdómafræðin er að töluverðu leyti lík tiltölulega sviksamleg.“

Það er fjöldi óháðra rannsókna, sem varpa ljósi á allra handa aukaverkanir, aðrar en andlát, t.d. á starfsemi æxlunarfæra, ónæmiskerfis og miðtaugakerfis. Deilt hefur verið um, hvort þessar bólusetningar gerðu, þrátt fyrir allt, eitthvað heilsufarsleg gagn. Það efast sjálfur bólusetningapáfi Bandaríkjanna, Anthony Fauci, um. Í réttarhöldum yfir honum koma játningar þess efnis.

En kanadísk heilbrigðisyfirvöld bjóða fórnarlömbum bólusetninga og öðrum, sem þjást, lausn frá þjáningunum; sjálfsvíg með lækningaástoð (medical assistance in dying – MAID), lækningasjálfvígi.

Lækningasjálfsvíg hafa færst mjög í vöxt, síðan löggjöfin var samþykkt á kanadíska þinginu árið 2016. Hún er trúlega frjálsgasta löggjöf sinnar tegundar á vesturhveli. Á síðasta ári létust rúmlega 10.000 manns við lækningasjálfsvíg eða drjúg 3% allra dáiinna, sem er þriðjungsaukning frá árinu á undan. Þeim fjölgar sífelld, sem eiga kost á slíkri heilbrigðisþjónustu. Á næsta ári verður tekið á móti þeim, sem búa við andlegar kaunir eða veikindi (mental illness).

Dómsmálaráðherra Kanada, David Lametti, sagði í umræðum um ákvörðun sérfræðinga um lækninga(sjálfs)víg: „Athugið, að sjálfsvíg er almennt í boði fyrir fólk. [Það] ... er hópur meðal þjóðarinnar, sem á örðugt með að taka ákvörðun um að fremja sjálfsmorð á eigin spýtur vegna bágs líkamlegt eða hugsanlega andlegs heilsufars. Þegar allt kemur til alls, er þetta mannúðlegri leið til að taka ákvörðun, sem það hefði að öðrum kosti tekið, væri það í færum til þess.“

Í umræðum í kanadíska þinginu, sagði læknirinn og heilbrigðismálaráðherra, Carolyn Bennett, að allir sjálfsvígsmatsmenn (assessor) og veitendur (provider) lækningasjálfsvíga hafa fengið þjálfun í að útrýma (eliminate) fólk við framangreindar aðstæður.

Yfirvöld eru þjónustulipur, þegar lækningasjálfsvíg eru annars vegar. Christine Gauthier, þátttakandi í Ólymíuleikum fatlaðara árið 2016 og gullverðlaunahafi í róðri, hefur lengi barist fyrir því að fá hjólastólalyftu á heimili sitt. Þjarkið hefur greinilega verið þreytandi, því hið opinbera sendi henni bréf, þar sem segir á þessa leið: Þar sem þú ert svo örvæntingarfyll, gæti hið opinbera boðið þér sjálfsvíglækningu.

Það er margt spennandi að gerast í heilbrigðisþjónustunni. Sunnan landamæra stendur til að bjóða föngum afslátt af refsingu, gefi þér úr sér líffærin. Mig minnir, að Bandaríkjamenn orði viðhorfið svo: „Business before all.“

https://www.rebelnews.com/growing_number_of_manitobans_are_accessing_maid_services_say_health_officials

https://alexberenson.substack.com/p/dr-anthony-fauci-now-admits-the-mrna?utm_source=substack&utm_medium=email

https://alexberenson.substack.com/p/dr-anthony-fauci-now-admits-the-mrna?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.rebelnews.com/liberal_justice_minister_david_lametti_is_again_in_hot_water_after_commenting_that_doctor_assisted_suicide_provides_a_more_human_way_for_canadians_to_end_their_lives

<https://www.facebook.com/Washington-DC-News-110344545128047/videos/1213128792944567/>

<https://subsplash.com/cecapedtownnorth-church/media/mi/+wygn6kc>

<https://medmaldocors.ca/dr-roger-hodkinson/https://medmaldocors.ca/dr-roger-hodkinson/>

<https://www.newsweek.com/its-time-scientific-community-admit-we-were-wrong-about-covid-it-cost-lives-opinion-1776630>

https://www.rebelnews.com/massachusetts_democrats_propose_sentencing_reduction_for_prisoners_who_donate_their_organ

<https://ijvtpr.com/index.php/IJVTPr/article/view/65/170>

https://markcrispinmiller.substack.com/p/canadas-minister-for-mental-health?utm_source=post-email-title&publication_id=383085&post_id=100888099&isFreemail=true&utm_medium=email

https://www.theepochtimes.com/clinical-and-political-factors-to-blame-for-under-reporting-of-covid-vaccination-adverse-events-study_5006993.html

https://www.theepochtimes.com/covid-measures-should-have-been-targeted-says-laval-university-immunology-prof-whose-article-was-abruptly-pulled_4561925.html

https://celiafarber.substack.com/p/daily-mail-uk-reports-two-mds-in?utm_source=substack&utm_campaign=post_embed&utm_medium=web

<https://www.dailymail.co.uk/news/article-11611095/Canadian-doctor-whos-euthanized-400-says-helped-kill-man-deemed-incapable-choosing-suicide.html>

<https://www.dailymail.co.uk/news/article-11507875/America-afraid-Canada-euthanizing-10-000-citizens-year-TOM-LEONARD.html>

https://www.theepochtimes.com/laval-u-prof-gets-second-suspension-for-covid-vax-comments-4-months-no-pay_5030022.html

<https://www.thenewatlantis.com/publications/no-other-options>

<https://torontosun.com/news/local-news/warmington-health-canada-deems-400-deaths-after-receiving-covid-vaccine-low>

https://rumble.com/v1ga1e5-dr.-merritt-interview-with-poornima-wagh-phd-virology.html?fbclid=IwAR2XmwMrzN5F69FN-8DDyPh_1G4n7WSuB3JL01Q-97VUmk9UPz6gFA_mtk

<https://zeeemedia.com/interview/whistleblower-dr-poornima-wagh-covid-19-the-virus-that-never-existed/>

<https://truthcomestolight.com/virologist-dr-poornima-wagh-with-dr-lee-merritt-its-not-just-virology-thats-a-scam-most-of-pathology-is-actually-fraudulent-people-are-waking-up-very-quickly-i/>

<https://www.macleans.ca/opinion/dying-for-the-right-to-live/>
<https://www.macleans.ca/opinion/dying-for-the-right-to-live/>

<https://www.ctvnews.ca/health/woman-with-disabilities-nears-medically-assisted-death-after-futile-bid-for-affordable-housing-1.5882202>

https://twitter.com/PierrePoilievre/status/1621242894366433280?utm_source=substack&utm_medium=email

